

- 154 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Helga H. Eiríkssonar
15. ágúst skólastjóra“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra
15. ágúst 1951.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Helga H. Eiríkssonar skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Helga H. Eiríkssonar skólastjóra, og er stofnaður af vinum hans og samstarfsmönnum í iðnaðarmálum á sextíu ára afmæli hans, 3. maí 1950.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 19657.50 — níttján þúsund sextíu hundruð fimmtíu og sjö og 50/100 — sem framan nefndir menn gáfu 3. maí 1950.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en eftir að sjóðurinn er orðinn kr. 50000 — fimmtíu þúsund krónur — má árlega verja $\frac{1}{4}$ af ársvöxtum til þess að verðlauna einn íslenzkan meistara í handiðnaði, búsettan á Íslandi, sem sýnt hefur framúrskarandi menningu í starfi sínu. Skal í því sambandi sérstaklega taka til greina vandaða iðnaðarvinnu, heilbrigðan atvinnurekstur, drengskap í viðskiptum og áhuga og góða framkomu í félagsmálum iðnaðarmanna.

4. gr.

Verðlaununum fylgir heiðursskjal, sem stjórn sjóðsins lætur útbúa og undirrita.

5. gr.

Forseti Landssambands iðnaðarmanna, eða þeirrar stofnunar er tekur við störfum þess, ef því verður slitið, formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík og skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, stjórna sjóðnum, og skipta sjálfir með sér verkum. Þeir úthluta verðlaunum úr sjóðnum og ræður afl atkvæða. Gegni einn maður tveimur af frammanefndum störfum, skal varamaður hans í öðru starfinu einnig taka sæti í stjórn sjóðsins á meðan.

6. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Peningum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem sjóðstjórnin telur tryggilegan.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga Landssambands iðnaðarmanna.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvarðanir sínar um ávöxtun sjóðsins, úthlutun úr honum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir. Ef ástæður leyfa, skal úthluta úr sjóðnum 3. maí.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema til samræmingar löggjöf, er kynni að koma í bága við ákvæði hennar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisforseta á skipulagsskrá þessari.